

Nd.

459. Nefndarátt

um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hef ekki getað orðið samferða háttv. meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frv. Jeg tel eigi rjett að breyta bannlögum á annan hátt en að bæta úr augljósum misfellum þeirra. Jeg tel það ekki heppilegt að herða mjög á refsíákvæðum laganna meðan ekki er jafnframt bætt úr eftirlitinu. Eftirlitsleysi með lögum er frá mínu sjónarmiði sjeð aðalgalli þeirra. En til þess að bætt verði úr því, þarf mjög að auka alla tollgæslu, en eins og nú er komið fjárhag rikissjóðs, mun enginn kostur að fá fjármagn það, sem með þarf, svo að gagni verði.

Ýmislegt í frv. þessu tel jeg gott og miða að því að bæta augljósa galla á bannlögum. Aftur gengur annað of langt, setur bann eða háa refsingu við því, sem ilt er að bafa eftirlit með eða framkvæma, en slík refsíákvæði verka ekki í rjetta átt.

Fyrsta aðalbreytingin, sem frv. þetta fer fram á, er að nema burt heimild þá, sem islensk fólksflutningsskip í millilandasiglingum geta fengið nú til þess að hafa áfengi innanborðs handa farþegum og skipsböfn. Það skal viðurkent, að þessi heimild er varla samrímamleg bannlögum. En 1917, þegar bannlögín voru endurskoðuð, þótti ekki sætt að nema þetta ákvæði burt, og segir um það svo í ályktun, er stjórn Eimskipafjelags Íslands sendi Alþingi:

»Ákveðið að senda allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis tilmæli um, að ekki verði úr lögum numin heimild sú, sem skip fjelagsins hafa nú til þess að hafa áfengi um hönd handa farþegum og skipshöfn í ferðum milli landa, með því að afnám þessarar heimildar myndi hafa í för með sjer fjárhagslegt tjón fyrir fjelagið, misrjetti gagnvart öðrum millilandaskipum og önnur óþægindi«.

Alþingi fjellst á þessar ástæðnr 1917, og þá ætti því meiri nauðsyn að vera nú, að E. Í. verði ekki bakað fjárhagslegt tjón eða óþægindi, því erfiðleikar fjelagsins eru miklir og samkepnir erlendra millilandaskipa miklu meiri og hættulegri nú en var 1917. Hefi jeg þess vegna ekki sjeð mjer fært að fella þessa heimild nú úr lögunum.

Þá get jeg ekki fallist á þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, að einungis megi afgreiða áfengislyf eftir lyfseðlum frá starfandi hjeraðslæknum, prófessorum læknadeildar háskólans og spítalalæknum ríkisins. Þegar nauðsyn áfengis til lækninga er viðurkend og áfengi á i því skyni að vera til i lyfjabúðum, þá getur það naumast talist forsvaranlegt að einskorða heimildina til þess að gefa út lyfseðla við þessa ákveðnu lækna. Hinsvegar þykir rjett, að meira öryggi sje sett i lögin, til varnar misbrúkun á þessu, eins og gert er i 15. gr. frv.

Jeg er samdóma háttv. meiri hluta um það, að það sje heppilegt og jafnvel nauðsynlegt við framkvæmd bannlaganna hjer i Reykjavík, að lögreglustjóri geti gefið út úrskurð til heimilisrannsóknar eftir áfengi, því oft þarf að fá slíkan úrskurð með mjög stuttum fyrirvara og að næturþeli. Hinsvegar þykir sjálsagt, að þetta vald sje ekki alment lagt i hendur lögreglustjóra, heldur nái það einungis til þeirra manna, sem hafa verið dæmdir fyrir ólöglega sölu eða veiting á áfengi, en þessir menn eru verstu bannbrjótarnir og erfiðastir viðfangs.

Á nokkrum stöðum i frv. virðist mjer farið alllangt út fyrir almennar reglur um ábyrgð manna á gerðum annara, og þar sem hjer er um refsí-ábyrgð að ræða, verður það að álítast mjög varhugavert að ganga út á þá braut.

Ýmislegt fleira hefi jeg að athuga við frv. þetta, sem jeg hirði ekki frekar að nefna, en geri breytingartillögur við þær greinar frv.

Samkvæmt framanskráðu legg jeg til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

I. Við 4. gr. 2.

Málgreinin falli burt.

II. Við 8. gr. 2.

Upphaf 2. málgreinar orðist svo: Lyfsalar og hjeraðslæknar, sem lyfsölu hafa á hendi, mega selja áfeng lyf eftir lyfseðli o. s. frv.

III. Við 11. gr. Á eftir orðunum »Við 12. gr.« kemur ný málgrein, svo hljóðandi:

Á eftir fyrstu málgrein kemur ný málgrein, svo hljóðandi:

Lögreglustjóranum i Reykjavík er heimilt að láta framkvæma heimilisrannsókn hjá þeim mönnum, sem með dómi hafa orðið uppvisir að broti gegn lögum þessum með því óleyfilega að selja eða veita áfengi. Skal lögreglustjóri þá kveða upp úrskurð um heimilisrannsóknina.

IV. Við 12. gr. Greininna skal orða svo:

Við 14. gr.

Á eftir »1000—5000 kr.« i 3. málgrein komi: og skal auk sektanna beita fangelsisrefsingu.

- V. Við 13. gr.
Orðin »Lyfsali ber ábyrgð sinna« í síðustu málsgrein falli burt.
- VI. Við 14. gr.
a. Fyrir »2000—20000« komi: 500—2000.
b. Orðin »Verði ekki upplýst ábyrgð á því« falli burt.
- VII. Við 15. gr.
Orðin »Lytsali, er afgreiðir« og út falli burt.
- VIII. Við 16. gr.
Greinin falli burt.
- IX. Við 17. gr.
Greinin falli burt.

Alþingi, 25. apríl 1924.

Jón Kjartansson,
form.